

Nd.

310. Frumvarp til laga

[146. mál]

um breyting á lögum nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

Flm.: Oddur Andrésson, Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Fyrirsögn V. kafla hljóði svo:

Um lausn úr óðalsviðjum, ráðstöfun ættaróðals og erfðir.

2. gr.

Upphaf 17. gr. hljóði svo:

Þegar óðalsbóndi verður að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum, sem valda því, að honum er ókleift að halda áfram búskap, er landbúnaðarráðherra heimilt að leysa óðalið úr óðalsviðjum, ef engir þeirra ættingja, sem rétt hafa til óðalsins, vilja taka við því til ábúðar, enda mæli sýslunefnd og Búnaðarfélag Íslands með þeirri ráðstöfun. Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals úr óðalsviðjum, er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda, er hann kys, enda hafi þeir, sem forkaupsrétt eiga að lögum, hafnað honum.

Þegar óðalsbóndi annars bregður búi eða deyr o. s. frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna hinna öru breytinga, sem orðið hafa á íslenzku þjóðlífi hin síðustu ár, hefur komið fyrir, að óðalsbönd á jörðum hafa orðið til að torvelða ábúendaskipti á þeim og jafnvel valdið því, að jarðir hafa fallið úr ábúð lengri eða skemmri tíma.

Enn fremur gerir rafvæðing og skipulag samgangna um landið óhjákvæmilegt, að óðalsjarðir geti og eigi að falla úr ábúð.

Virðist því eðlilegt, að í lögnum séu ákvæði um ótvíræða heimild ráðherra landbúnaðarmála til að leysa jarðir frá óðalsákvæðunum og veita eigendum þeirra eða arftökum rétt til frjálsrar ráðstöfunar þeirra innan marka, sem ekki skerða hagsmuni viðkomandi sveitarfélags.